

## AUGLÝSING

### um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 108 31. des. 1973, sbr. læknaög nr. 80 23. júní 1969, verður þar til öðruvísi verður ákveðið gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð hér á landi eða á hinum Norðurlöndunum fulla 4 mánuði að loknu námi í læknaeild Háskóla Íslands eða við annan norrænan læknaháskóla og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 500 10. des. 1979, með sama heiti, er hér með felld niður.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1982.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 86.

8. mars 1982.

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18. júlí 1978.

1. gr.

47. gr. orðist svo:

Veitingastaðir og almennar knattborðsstofur skulu vera lokaðar frá kl. 23.30 til 07.00 og allir gestir sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en  $\frac{1}{2}$  stundu eftir að lokað er og skal þetta hvoru tveggja gilda nema öðruvísi sé fyrirætt í samþykkt þessari.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga og reglna um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, samanber nú lög nr. 120/1947 og reglugerðir nr. 87/1976 og nr. 280/1979. Eigi skemmtun að standa lengur en til kl. 23.30 þarf leyfi lögreglustjóra, og honum er heimilt að skípa svo fyrir að hýbýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérretta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra að hafa opið á laugardögum til kl. 2.30.

Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

10. mars 1982.

Nr. 87.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. mars 1982 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks að því er varðar eftirfarandi:

Áður ráðgert útivistarsvæði á spildu sem markast af Sauða að norðan og austan, Spítalavegi að sunnan og Sæmundarhlið að norðan hefur verið breytt í svæði undir opinberar byggingar.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1982.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

12. mars 1982.

Nr. 88.

## GJALDSKRÁ

### Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

#### Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1—200 g .....	kr.	3.00
Þyngd ½ kg — 20 kg .....	—	4.00
Þyngd 50 kg .....	—	9.00
Þyngd 4—8 oz .....	—	3.00
Þyngd 1 lb — 7 lb .....	—	3.00
Þyngd 8 lb — 20 lb .....	—	4.00
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: Allar stærðir .....	kr.	20.00
3. Jafnarma vogir:		
Burðarþol: Allar stærðir .....	kr.	20.00
4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10— 100 kg .....	kr.	20.00
Burðarþol 101— 500 kg .....	—	30.00
Burðarþol 501— 2 000 kg .....	—	45.00
Burðarþol 2 001— 15 000 kg .....	—	170.00
Burðarþol 15 001— 30 000 kg .....	—	180.00
Burðarþol yfir 30 000 kg .....	—	190.00